

Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 146

9. mars 2026

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar fundaði í gegnum fjárfundarbúnað 9. mars kl. 16:00.

Mætt eru: Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Bjarki Þór Grönfeldt, Flosi Hrafn Sigurðsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari. Gestur fundarins er Pétur Örn Björnsson hjá Kapital ráðgjöf ehf.

Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson

1. Fundur settur

Formaður stjórnar setur 146. fund stjórnar Menntaskóla Borgarfjarðar. Fundargerð 145. fundar lögð fyrir stjórn til samþykktar en undirritun biður næsta staðfundar.

2. Ársreikningur 2025 og endurskoðunarskýrsla

Gestur fundarins er Pétur Örn Björnsson, löggiltur endurskoðandi hjá Kapital ráðgjöf ehf. Pétur fór yfir ársreikning MB fyrir árið 2025 og í kjölfarið skýrslu endurskoðunar.

Þrátt fyrir að rekstraliðir séu almennt að hækka vegna verðlagsþróunar þá er rekstur skólans í hagnaði samkvæmt ársreikningi. Í skýrslu endurskoðenda er ekki talin ástæða til að leggja fram tillögur að breytingum eða aðgerða vegna reksturs skólans.

Umræða fór fram um ársreikning og skýrslu endurskoðunar. Ársskýrsla borin undir stjórn til samþykkis fyrir aðalfund MB og er hún samþykkt einróma, og undirrituð rafrænt.

3. Aðalfundur MB

Í ár fara fram sveitarstjórnarkosningar. Þar sem stjórn MB er ákvörðuð á aðalfundi MB samkvæmt samþykktum í samræmi við úrslit kosninganna. Stjórnarformaður leggur til að undirbúningur og framkæmd aðalfundar sé frestað þar til niðurstöður kosninga liggja fyrir.

Samþykkt einróma.

4. Skólastarfið

Það er mikil stemmning í kringum félagslífið í MB. Framundan er frumsýning leikfélagsins Kopar sem setur upp Gosa að þessu sinni. Ný heimasíða nemendafélagsins hefur litið dagsins ljós, nmb.is þar sem tíðindi og upplýsingar um störf nemendafélagsins koma fram.

Kosningar í nemendaráð er framundan, og meirihluti stjórnar er nú á þriðja ári þannig fyrir séð er mikil endurnýjun í nemendaráði næsta skólaárs.

Skólameistari hrósar starfsfólki MB fyrir jákvæðni og sveigjanleika í samstarfi við Nemendafélag MB og tekur stjórn undir þau orð. Starfsandinn í skólanum er almennt mjög góður og fram undan er fræðslu- og starfsmannaferð MB til Berlínar þar sem er nánast full þátttaka í ferðinni.

Húsnæði Nemendagarða MB að Brákarbraut eru enn til sölu.

5. Önnur mál

1. Heimsókn í Hús kynslóðanna stendur til, en frestaðist til næsta staðfundar sem er áætlaður 11. maí.
2. Skólameistari sýndi sýnishorn af auglýsingaherferð sem er verið að vinna fyrir samfélagsmiðla og tengist opnun nýrra nemendagarða.

Fleira var ekki gert og fundi lauk 16:45